

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 95/2011

2011/EES/65/02

frá 30. september 2011

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2011 frá 1. júlí 2011 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2011 frá 1. júlí 2011 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/617/ESB frá 14. október 2010 um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrármar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/653/ESB frá 21. október 2010 um breytingu á II. viðauka við ákvörðun 2009/861/EB um aðlögunarráðstafanir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar vinnslu hrámjólkur sem uppfyllir ekki kröfur í tilteknum mjólkurvinnslustöðvum í Búlgaríu ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/654/ESB frá 27. október 2010 um breytingu á ákvörðun 2009/852/EB að því er varðar skrána yfir tiltekna mjólkurvinnslustöðvar í Rúmeníu sem falla undir tiltekna bráðabirgðaráðstafanir ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/9/ESB frá 10. janúar 2011 um breytingu á ákvörðun 2010/89/ESB að því er varðar bráðabirgðaráðstafanir í tengslum við beitingu tiltekinn skipulagskrafna í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 og (EB) nr. 853/2004 gagnvart stöðvum í Rúmeníu ⁽⁶⁾.
- 7) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB) í hluta 1.2:
„– **32010 D 0617**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/617/ESB frá 14. október 2010 (Stjtið. ESB L 271, 15.10.2010, bls. 8).“
2. Eftirfarandi bætist við í fyrsta undirliði (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/852/EB) undir fyrirsögninni „Beita skal bráðabirgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um í eftirtöldum gerðum:“ í 16. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004) og 17. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004) í hluta 6.1:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 16, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 26, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 34.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 271, 15.10.2010, bls. 8.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 283, 29.10.2010, bls. 28.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 283, 29.10.2010, bls. 34.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 6, 11.1.2011, bls. 30.

„eins og henni var breytt með:

- **32010 D 0654**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/654/ESB frá 27. október 2010 (Stjtið. ESB L 283, 29.10.2010, bls. 34).“
3. Eftirfarandi bætist við í öðrum undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/89/ESB) undir fyrirsögninni „Beita skal bráðabirgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um í eftirtöldum gerðum:“ í 16. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004) í hluta 6.1:

„eins og henni var breytt með:

- **32011 D 0009**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/9/ESB frá 10. janúar 2011 (Stjtið. ESB L 6, 11.1.2011, bls. 30).“
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í öðrum undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/861/EB) undir fyrirsögninni „Beita skal bráðabirgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um í eftirtöldum gerðum:“ í 17. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004) í hluta 6.1:
- **32010 D 0653**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/653/ESB frá 21. október 2010 (Stjtið. ESB L 283, 29.10.2010, bls. 28).“

2. gr.

Ákvæði liðar 54zzzh (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004) í XII. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í fyrsta undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/852/EB) undir fyrirsögninni „Beita skal bráðabirgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um í eftirtöldum gerðum:“:

„eins og henni var breytt með:

- **32010 D 0654**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/654/ESB frá 27. október 2010 (Stjtið. ESB L 283, 29.10.2010, bls. 34).“
2. Eftirfarandi bætist við í öðrum undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/89/ESB) undir fyrirsögninni „Beita skal bráðabirgðaráðstöfunum sem mælt er fyrir um í eftirtöldum gerðum:“:
- „eins og henni var breytt með:
- **32011 D 0009**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/9/ESB frá 10. janúar 2011 (Stjtið. ESB L 6, 11.1.2011, bls. 30).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2010/617/ESB, 2010/653/ESB, 2010/654/ESB og 2011/9/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. október 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.